

Stórsýningar er það sem koma skal

Nýlega gerði Gísli Sigurðsson, ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins, lauslega úttekt á stöðu myndlistar, einkum með hliðsjón af lokun sýningasala á höfuðborgarsvæðinu. Þar benti hann m.a. á það hve fjölmargar sýningar ungs fólks hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá venjulegum sýningagestum. Gísli segir fólk ekki þekkja né muna nöfn allra þeirra ungu listamanna sem ryðjast ár hvert fram á sjónarsviðið og hafi þess vegna lítinn áhuga á því sem þeir hafa fram að færa.

Eflaust er mikill sannleikur fólgin í þessari ályktun Gísla og skýrir ásamt öðru sinnuleysi það sem ungir listamenn mæta þegar þeir taka til við að hasla sér völl á markaðstorgi menningarinnar. Eftir að skólagöngu lýkur er harla lítið gert til að styðja unga listamenn fyrstu spörin á listabrautinni. Þeir mæta fremur andúð en samúð og eiga oft erfitt með að standa undir sýningum. Þess vegna bregða þeir oft á það ráð að sýna ásamt öðrum, stundum fimm eða sex í hópi. Þrátt fyrir það vekja þeir oft litla eftirtekt, enda er gjarnan lítið lagt í auglýsingar slíkra sýninga. Það má vera að sumir þessara

ungu listamanna sýni of snemma og jafnvel of ört, en hinu má ekki gleyma að endurnýjun verður að eiga sér stað og óvíst að hún gerist án þátttöku ungs fólks. Það hlýtur því að vera spurning hvað til ráða sé til að vekja athygli á ungu listamönnum.

Fyrir þremur árum voru haldnar tvær stórsýningar á sama tíma í Reykjavík; sýningar sem vöktu mikla athygli og enn meira umtal. Þetta voru sýningar „Gullströndin andar“, sem haldin var í stóru iðnaðarhúsi við Hringbraut




HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

og „UM-Ungir myndlistarmenn“ að Kjarvalsstöðum. Sú fyrri var óformleg og spröttin af dirfsku og kraftmiklu frumkvæði ungra listamanna, hin var formlegri, enda stofnað til hennar af stjórn Kjarvalsstaða og dómnefnd látin skera úr um sýningarrétt þátttakenda.

Báðar voru þó sýningar, hvor á sinn hátt, ungu listamönnum lyftistöng, enda voru þær vel sóttar. Þær sýndu það að hægt er að koma ungu listamönnum á framfæri svo eftir sé tekið. Því miður var þessu framtaki ekki fylgt eftir, þótt vel hefði mátt hugsa sér slíkar sýningar sem árlegan viðburð. Í formála að sýningarskrá UM-sýningarinnar, sagði Þóra Kristjánsdóttir að sýningin væri sú fyrsta sem helguð væri ungu listamönnum, frá því sýning ungu kynslóðarinnar var haldin í Laugardalshöllinni árið 1967.

Það væri hart ef við þyrftum að biða í heil þrettán ár til að sjá aftur stórsýningu helgaða ungu listamönnum. Það er nefnilega greinilegt að stórsýningar á borð við þær sem hér hafa verið nefndar geta hjálpað ungu listamönnum fyrstu spörin og ýtt undir jákvætt viðhorf almennings í þeirra garð. Þá eru slíkar stórsýningar nauðsynlegur viðburður í listalífni og hvatning öllum starfandi listamönnum. Það vita þeir sem komið hafa á laggirnar hverri stórsýningunni á fætur annari í Evrópu, en þar má nefna sýningar á borð við „West-



Í dag hefst á Kjarvalsstöðum málverkasýning Gísla Sigurðssonar, málarar og ritstjóra Lesbókar Mbl, um sjöttu olíumálverk, mannamyndir, sögu- og þjóðsöguleg mótíf. Sýningin er tileinkuð Jóni Engilberts sem reyndist Gísla hin ágætasta hjálparhella við fyrstu sýningu hans 1960. Á mynd E.Ól. er Gísli við hlíð myndar af Helga Sæm.


kunst“, „Zeitgeist“, „Dokumenta 7“, „Von hier aus“ og Nýja biennalinn í París en segja má að þessar sýningar hafi verið árlegur viðburður frá upphafi áratugarins.

Í skjóli slíkra stórsýninga hafa margir ungir listamenn dafnað og gert garðinn frægan. Þess vegna þurfum við einnig á stórsýningum að halda, ungu listamönnum okkar til styrktar. **HBR**

Litskyggjur – listkynning

Litskyggjur hafa um langt skeið verið helsti myndforði leikra sem lærðra, þegar þeir vilja nálgast verk listamanna án þess að hafa aðgang að þeim. Litskyggnan hefur það fram yfir eftirprentun á bók að hún gefur raunsærri mynd af viðkomandi listaverki. Bæði er hún skýrari og stærr en prentunin, en það stafar einfaldlega af því að sleppt er síðasta hlekknun í framköllunarkeðjunni, m.ö.o. sjálfri prentuninni sem oft bjagar liti og svo hitt að hún getur gefið raunsannari mynd af stærð listaverksins. Litskyggnunni er hægt að varpa þannig á tjald að hún nálgist eða beinlínis stemmi við stærð frummyndarinnar.

Lengi hefur verið tilfinnalegur skortur á hentugum litskyggnuröðum um íslenska list og listamenn. Úrvalið hefur verið svo fátæklegt að til skammar er fyrir söfn landsins. Ég minnst þess með nokkurri beiskju, þegar ég reyndi æ ofan í æ að fá litskyggjur af verkum íslenskra listamanna til að kynna á erlendri grund, en án árangurs. Það sem mér tókst að komast yfir var bæði



Litskyggjur af verkum eftir Gunnar Örn...

Hin allra seinustu ár hefur þó verið gerður skurkur í þessum málum og á Listasafni ASÍ þar allan heildur. Á vegum safnsins eru nú komnar út 9 litskyggnubækur og eru þær í alla staði hin vandaðasta smíð. Myndirnar eru fagmannlega teknar og framleiddar hjá fyrirtækinu Scala í Flórens, en það er eitt virtasta útgáfufyrirtæki á litskyggnum í heimi. Ritgerðir fylgja hverri bók, svo og textar við hverja mynd.

Fjórar síðustu bækurnar sem komnar eru út hjá Listasafni ASÍ eru þrjár bækur um Kjarval og ein um Gunnar Örn Gunnarsson. Hver hinna þriggja bóka um Kjarval er prýdd 36 litskyggnum, þannig að samanlagt geyma þær 108 myndir. Bókunum um Kjarval er skipt í tímabil og fjallar fyrsta bókin um árin 1885-1930, önnur um árin frá 1930-1946 og

sú þriðja spannar tímarn frá 1946-1968. Texta fyrstu bókarinnar annaðist Björn Th. Björnsson og gefur hann ítarlegt og fróðlegt yfirlit yfir mótunarskeið listamannsins.

Seinni bækurnar tvær eru skrifaðar af Hrafnhildi Schram og er texti hennar þokkalegur þótt ekki standist hann jöfnuð við fyrstu bókina. Ad sumu leyti eru seinni ár Kjarvals flóknari en hin fyrri og því er spurning hvort ekki hefði verið betra að hafa höfundana fleiri. En hvað sem öðru líður þá eru bækurnar þrjár hinir mestu kostgripir og vegleg framlag Listasafns ASÍ til aldarminningarinnar um listamanninn.

Nýjasta bókin er svo helguð Gunnari Erni og kom út þá er hann hélt sýningu sína í safninu í janúarmánuði. Litskyggnurnar í

bókinni eru 12 talsins og textinn er eftir hinn kunna, bandaríska listfræðing Edward F. Fry. Það er lofsvert að safnið skuli ráðast í gerð litskyggnubókar um svo ungan listamann. Vonandi munu fleiri slíkar bækur um efnilega listamenn af yngri kynslóðinni fylgja í kjölfarið.


Fyrst og fremst verða forráðamenn Listasafns ASÍ þó að huga að þeim kynslóðum sem hingað til hafa verið vanræktar. Þar er enn mikið verk að vinna, því að fyrir utan Kjarval og Nínu vantar litskyggnubækur um nær alla okkar látnu meistara.

En Listasafni ASÍ er ekki eina listasafnið sem stadið hefur að útgáfu á litskyggnum, því nýlega var gefin út mappa með bók og 36 litskyggnum eftir Ásmund

útgáfa og ekkert til sparað til að gera hana sem vandaðasta. Texti Gunnars er stuttur, en hreinn og beinn; fjallar um það sem máli skiptir í tengslum við myndirnar.

Ekki er mér kunnugt um hvort litskyggnur Listasafns ASÍ og Ásmundarsafns hafa verið gefnar út með texta á öðrum tungum en íslensku. Ef svo er ekki, þyrfti að snara þessum bókum yfir á helstu tungumál svo útlandingar sem hingað rekast geti haft af þeim gagn. Slíkt væri bæði ódýr og vænleg leið til árangurs í kynningu á íslenskrum menningu í útlandum.

Vonandi verða fleiri söfn til að fylgja fordæmi Listasafns ASÍ og Ásmundarsafns. Það er t.d. orðin brýn þörf fyrir litskyggnuraðir frá Listasafni Íslands, Listasafni



... og Ásmund.

Sveinsson. Það er Ásmundarsafni sem stendur að baki útgáfunni og annaðist Gunnar B. Kvaran val mynda og skrifaði auk þess textann. Þetta er einstaklega falleg

Reykjavíkurborgar, svo og sér-söfnunum ýmsum. Við höfum nefnilega ekki lengur efni á að forsóma þennan sjálfsagða þátt listkynningar. **HBR**



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

lítid og lélegt. Ég býst við að margir hafi verið í sömu sporum þegar þeir fundu tækifæri til að kynna málsmetandi útlandingum rjómann af íslenskrum myndlist.